

AÐFERÐIR TIL AÐ EFLA:

máltjáningu

ALLTAF:

- Vera í sömu hæð og barnið
- Náð augnsambandi
- Bíða eftirvæntingafull
- Vera fyrirmynd
- Ekki reyna oft en 2-3 sinnum

1 TAL RÚTÍNUR

Notaðu endurtekningu og fyrirsjáanlegt mál í daglegum rúttinum. Þegar rúttin hefur verið lærd er hægt að hika og leyfa barninu að klára frasann. Notum ímyndunaraflið!

T.d. foreldri segir: "einn, tveir og (hika)" ... barnið segir "af stað!"
Nýttist einnig í bókalestri, t.d. Græni hatturinn: Lesa hana oft og hika svo í frösunum sem eru mikið endurteknir og láta barnið klára frasann.

2 VALMÖGULEIKAR

Haltu á tveimur hlutum, einn í hvorri hönd, og spurðu barnið: "Viltu (epli) eða (banana)?" Ef þau benda eða horfa á annað hvort skaltu vera fyrirmynd og segja orðið áður en þú réttir barninu hlutinn.

3 KRÖFUR

Ef þú veist hvað barnið vill, náðu þá í hlutinn, haltu á honum og spurðu: "Hvað viltu?" Ef þau svara ekki skaltu vera fyrirmynd og segja orðið og barnið getur endurtekið orðið.

4 SAMSKIPTAFREIÐINGAR

Búðu til aðstæður sem krefjast tjáningar:

- Settu leikfang þar sem það sést en barnið nær ekki í það eða í ílát sem það getur ekki opnað
- Leikið með dót sem barnið þarf þína aðstoð með (t.d. dót sem þarf að trekkja upp)
- Geymdu drykk/nasl þar sem barnið nær ekki í það svo það þurfi að biðja um það